

Skeggöld og skálma

BÆKUR

Skáldsaga

SVEIGUR

eftir Thor Vilhjálmsson. 208 bls. Mál og menning, 2002.

Sveigur, ný skáldsaga Thors Vilhjálmssonar, gerist á sturlungaöld líkt og sú síðasta sem frá honum kom, Morgunþula í stráum (1998). Sturlungaöld er „öld heljargyðjunnar“ (7) – róstusamt tímabil Íslandssögunnar sem einkenndist af harðri valdabaráttu höfðingjaætta og lauk með falli þjóðveldisins og innlimun Íslands í norska konungdæmið. Í Sveigi segir frá Guðmundi skálda, dyggum fylgdarmanni Sturlu Sighvatssonar, og Þórði Narfasyni frá Skarði en leiðir þeirra liggja saman hjá Sturlu Þórðarsyni sagnaritara og Guðmundur ver elli sinni á Skarði hjá Þórði. Samtímis sögu þeirra er brugðið upp myndum af sérkennilegu fólki, voveiflegum atburðum aldarinnar og grimmdarlegum yfirgangi höfðingjanna. Í fornþekktum er sturlungaöldin öld mikilmenna og stórbrotinna örlaga; í Morgunþulu í stráum er Sturla Sighvatsson, bændahöfðinginn breyski, aðalpersóna sögunnar en í Sveigi stíga alþýðan og undirmálsfólkið fram ásamt þeim þátttakendum viðburða skálmaldarinnar sem fornsögurnar þegja um.

Frásagnarhátturinn er flókinn, oft er skipt um sjónarhorn og nokkrar sögur fléttast saman í sveig. Sagt er frá Guðmundi skálda þar sem hann elst upp með friðelskandi munkum og lærir að lesa og skrifa. Guðmundur fer til Sturlu Sighvatssonar á Sauðafelli til að skrifa upp handrit fyrir hann og er á bænum þegar óvinir Sturlu ráðast þar inn. Skáldið skrífur í felur og bjargar lífi sínu en losnar aldrei undan vanmáttartilfinningunni og skelfingunni, sem gagntók hann þegar varnarlaust heimilisfólkið var limlest og höggvið, né reiðinni yfir tilgangsleysi réttmætra hefnda. Stúlkukind sætir sem barn kynferðislegu ofbeldi af hendi höfðingjans úr Vatnsfirði og er upp frá því villuráfandi. Hún lendir í slagtogi við óknyttamanninn Galman Víðkunnsen en ýmsum sögum fer af endalokum hans. Líklegt má telja að þetta ólánsfólk séu foreldrar Guðmundar skálda en margt er þó ókennit í sögunni og erfitt að átta sig á tengslum persónanna þegar Sturlunguþekkingin er ekki nema í slöku meðallagi. Þórður Narfason elst upp á menningarheimili Sturlu Þórðarsonar sagnaritara og færir handrit og bækur heim að Skarði. Honum er ætlað að halda merki föstra síns á lofti og búa bækur í hendur komandi kynslóða; skrá samtímaatburði á spjöld sögunnar, stjórna samúð og andúð lesenda framtíðarinnar. Hann er valdsmaður en færir undan valdbeitingu, bókelstur góðbóndi sem lifir í sátt við sjálfan sig og aðra og ann landi og þjóð. Í Sveigum eru líka frásagnir af grimmilegum örlögum Arnfinns fíflska og Svans bónda en í þeim felst augljóslega ádeila á vopnavald, villimennsku og grimmd höfðingjanna. Yfir sögunni allri hvílir einhverskonar dulúðug ógn og heimsendastemning; veldi riðlast eftir því sem valdhafarnir verða gírugri og fjarlægjast uppruna sinn „og auður sundrast á örskammri stund þegar svo er komið að orðið er ofnóg“ (157-8). En vonin býr í hógværd, trú og skynsemi, ást á landinu og bókmenntaarfinum.

Í bókinni er mikið um „thorræðar“ náttúrulýsingar. Þær eru ákaflega myndrænar, í formi líkinga og myndhverfinga sem settar eru saman bæði úr nýjum, fornum og sjaldséðum orðum. Thor notar víða eignarfallssamsetningar, liðfellingar og eftirsett lýsingarorð; stíll hans er sérstæður og stuðlum settur, þökkalega forn og lotulangur;

móðernisminn hefur ekki elst af honum eins og t.d. Guðbergi. Fyrsti kafli Sveigs hefst á eftirfarandi málsgrein sem er nokkuð dæmigerð fyrir náttúrulýsingar bókarinnar: „Klakkar skýja lágu þungir á tindum og tóku þá til sín, en ráku rana upp í hvítlýsi ofar sem tálgaðist í fálmandi fingur, fljótsorfna þegar hvíta ljósið vex, og verða kjúkur“ (8). Orðavalið er óvanalegt, orð eins og *fróðskapur*, *spjallast*, *svam*, *ljóri*, *feikn*, *varygð* og *úrygð*, *greyfðist* og *fleymast* birtast hér aftan úr grárri forneskju – stundum nokkuð tilgerðarleg og þreytandi. Sérstaklega verða eignafallssamsetningar uppskrúfaðar, s.s. geimur undra (38), þrúðugra skýja borgir (184), þiljar hamra (169) o.s.frv.; „kenningar“ sem minna á skáldamálið forna en það gekk sér algerlega til húðar. Betur fer á nýjum og fallegum orðum eins og *haustnánd*, *tindaglit*, *nátttöfrar*, *kvöldvakin gola* og *glyspreytt augu* – orð sem vega salt milli tilfinningasemi og væmni en bráðna í munni. Tilvitnun um mjúkholda munkinn Gunnlaug Leifsson á vel við stíltílfbrif Thors þegar vel tekst til: „Það var svo margt í máli hans sem bar ferskan ilm af fornri rót. Hann sveigði til orð sem áttu langa sögu svo til varð ný merking án þess að týna þræði við hina eldri...“ (159).

Sagan er mishröð, fer hægt af stað, tekur stutta, snögga spretti af og til en endar í algjörum hægagangi; trúverðugum og nákvæmum lýsingum á elli og dauða Guðmundar skálda sem gagnslaus og blindur sníður helskó í horninu hjá Þórði Narfasyni. Lýsingar á gömlu fólki í sögunni, kækjum þess, sérvisku og líkamsburðum eru frábærar, ofurraunsæjar og algerlega ófegraðar; sem dæmi mætti nefna Fjósajarlinn (t.d. 62) og móður Guðmundar þar sem hún liggur í kör (180-1). Margar senur eru ljóðrænar, t.d. ill meðferðin á Guðmundi litla heima í kotinu: „Það lá við að tárin frysðu þegar út kom og yrðu perlur á hökubarðinu og vantaði bara ljósið til að þær kynnu að glitra í snægrímunni sem veðrið setti brátt framan í barnsandlitið“ (18). Kynlífslýsingar Thors eru jafnan á einhvers konar rósamáli, sbr. t.d. kaflana Ísfreyja, Að missa úr sér barnið og Afmors háski. Þær eru ekki grófar heldur einhvern veginn upphafnar og karllægar og svo framandgerðar að rýna þarf með samankipruð augu í textann til að skilja.

Í Sveigi gerir Thor Vilhjálmsson fornum söguheimi skil með aðferðum nútímaskáldsagna, sérstæðum stíl, flóknu sjónarhorni, vísunum og ljóðrænu og hann notar tungumálið á óvenjulegan og ferskan hátt sem þó á djúpar rætur í sögunni, bæði orðaval og hrynjandi. Söguþráðurinn sveigir hjá stórmerkjum sögutímans en alllengi er dvalist við drauma og hugsanir, náttúru- og mannlýsingar og heimspekilegar vangaveltur. Persónurnar stíga fram úr móðu fornaldar en hverfa þangað aftur jafnóskýrar og ansi óljóst hver tilgangur þeirra er. Sveigur er metnaðarfull skáldsaga, lærð, djúp en talsvert erfið aflestrar – krefjandi nútímaverk sem tengir saman fortíð og nútíð og vekur okkur til umhugsunar um að enn ríkir skeggöld og skálma í heiminum; hamslaus valdagræðgi, hefndarvíg, hernaðarbrólt og blóðug trúarátök samtímans eru til marks um að sagan endurtekur sig; upp er runnin ný sturlungaöld.

Steinunn Inga Óttarsdóttir